

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2016 og fjárhagsáætlun 2017

61. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið á Ísafirði 4. maí 2016.

	Áætlun 2017	Endursk áætl 2016	2016	Ársreikn 2015
Framlög, styrkir og aðrar tekjur	248.243.000	275.675.000	267.830.000	242.804.619
Laun og launat.gjöld	61.240.000	61.740.000	52.852.000	48.088.634
Sérverkefni og skrifstkostn	186.919.000	210.864.000	203.414.000	192.617.892
	248.159.000	275.604.000	264.366.000	240.706.526
Ónotaðir styrkir	0	3.000.000	8.100.000	
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	84.000	71.000	3.464.000	2.098.093
Fjármunatekjur og gjöld	1.250.000	1.250.000	1.550.000	1.744.411
Afskriftir	175.000	175.000	175.000	175.442
Rekstrarafkoma	1.159.000	1.146.000	4.839.000	3.667.062

Greinargerð með endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2016

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 var samþykkt á 60. Fjórðungsþingi. Við gerð endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 var stuðst við niðurstöðu ársreiknings 2015 og stöðu bókhalds í lok mars 2016.

Kjarasamningsbundnar launahækkanir nema að meðaltali á árinu um 6,2 % og taka gildi þann 1. júní 2016. Auk þess sem laun hækkuðu afturvirkir frá 1. september 2015 um 7,7 % samtals um 14 %. Einnig kemur til starfsaldurshækkun starfsmanna og tillaga um hækkun launa stjórnar- og nefndarlauna í heildina lítið um 11 %. Í heild eru laun og launatengd gjöld því að hækka frá árinu 2015 um 13,6 mkr eða um 25 % .

Reiknað er með að þingfarakaup hækki í samræmi við kjarasamninga BHM eða um 14 % en þingfarakaup er lagt til grundvallar launa stjórna og nefnda FV. Á fundi samráðsvettvangs sveitarfélaga þann 19. apríl s.l., var gerð samþykkt um að leggja til við 61. Fjórðungsþing að

hækka laun fyrir setu í stjórn og nefndum sambandsins. Gert er ráð fyrir að tillagan verði samþykkt og gildi frá maí á þessu ári.

Fimm áhersluverkefni sóknaráætlunar Vestfjarða eru með beinni aðkomu FV, samtals að fjárhæð kr 13.800.000,-. Þetta eru verkefniin Visit Westfjords, Umhverfissvottaðir Vestfirðir, Vestfirðir, Vestfirðir altengdir, Aftur heim til Vestfjarða og Kortlagning menningar og skapandi greina. Verkefniin verða að meginhluta unnin með aðkeyptri þjónustu.

Samanlögð framlög (tekjur) frá áætlun 2016 og endurskoðaðri áætlun 2016 hækka um tæpar 8 mkr en útgjöld til sérverkefna og skrifstofukostnaðar hækkar um tæpar 7,5 mkr. Tekjur hækka sem nemur 0,5 mkr.

Varðandi kostnaðarliði almennt þá er í áætluninni er gengið út frá því mati að verðbólguþróun á milli áráanna 2015 og 2016 verði 4 %. Í hluta rekstarliða hefur þó tekist að halda kostnaði lægri sem þessu nemur.

Árstillaga sveitarfélaga til FV fyrir árið 2016 verði endurskoðað, sem hér segir.

- Almenn deild.
 - Árstillag hækki úr kr 8.500.000,- í kr 10.200.000,- . Hækkun komi á móts við hækkun launa samkvæmt kjarasamningum og tillögu stjórnar til þingsins um stjórnar og nefndarlaun.
- Markaðssvið.
 - Árstillag verði óbreytt kr 6.800.000,-.
- Menningarsvið.
 - Árstillag verði óbreytt kr 9.900.000,-.
- Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
 - Árstillag verði óbreytt kr 6.500.000,-.

Almenn deild.

Lagt er til að kr 5.000.000 af framlögum sveitarfélaga til FV á bókhaldslykli 1402 verði færð á deild byggðaðróunar á árinu 2016. Með þeim hætti endurspeglast betur áherslur í starfi FV.

Áhersluverkefni almennar deildar verður að stýra verkefninu Vestfirðir altengdir. Verkefnið felst í samráðshópi sveitarfélaganna og fá tæknilegan ráðgjafa að verkefninu. Hlutverk ráðgjafa er að vera sveitarfélögunum til aðstoðar við hönnun á ljósleiðarakerfi og samningum við verktaka.

Byggðaðróun.

Lagt er til að kr 5.000.000 af framlögum sveitarfélaga til FV á bókhaldslykli 1402 verði færð á deild byggðaðróunar á árinu 2016. Með þeim hætti endurspeglast betur áherslur í starfi FV.

Áhersluverkefni. Sóknaráætlun Vestfjarða hefur samþykkt áhersluverkefni að fjárhæð 2.200 þkr til að efla verkefnið um umhverfisvottun sveitarfélaga. Framlagið gengur að mestu til aðkeyprtar þjónustu.

Menningarmál

Framlag til menningarmála verði óbreytt eða kr 9.900.000,-. Samkvæmt samningi um sóknaráætlun renna kr 7.910.000,- til áhersluverkefnis um sameiginlega menningarstefnu á Vestfjörðum og rekstur menningarfulltrúa. Gert er að tillögu að allt framlagið kr 9.900.000,- áhersluverkefnis á sviði menningarmála og sem lið í að auka framlög áætlunarinnar á móti framlögum frá stjórnvöldum.

Frá starfstíma Menningarráðs Vestfjarða 2007-2012, söfnuðust upp vaxtatekjur af ógreiddum styrkframlögum og einnig hafa verkefni hætt og því ekki fullnýtt styrki. Alls er hér um að ræða uppsafnað fjármagn kr 11.825.000, -.

Áhersluverkefni. Við stofnun sóknaráætlana var fjármagni ríkisins sem áður rann til menningarráða veitt til áætlunarinnar. Því samþykkti stjórn FV að af þessu uppsafnaða fjármagni verði veitt kr 7.500.000,- til tveggja áhersluverkefna á sviði menningarmála á árinu 2016 og 2017. Samráðsvettvangur sóknaráætlunar Vestfjarða og stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál hafa samþykkt þessa tillögu. Menningarfulltrúi mun stýra þessu verkefnum auk þess sem auglýst verður eftir sumarstarfmanni.

Sértæk úthlutun til menningarmála. Lagt er til að kr 3.000.000,- renni til verkefnis á sviði menningarmála á árinu 2016 á grundvelli niðurfelldra styrkja frá árinu 2015.

Almennt framlag. Lagt er til að kr 1.325.000, renni almenns rekstrar til að mæta bifreiðarkostnaði. Bifreið í umsjón menningarfulltrúa er orðin mikið ekin og viðhald hennar er farið að aukast verulega. Kaupa þarf nýja bifreið til þess að menningarfulltrúi geti sinnt starfi sínu þar sem engin bílaleiga er til staðar í hans.

Markaðsstofa.

Lagt er til að framlag sveitarfélaga kr 6.800.000,- til markaðsmála verði óbreytt frá árinu 2016.

Lagt er til að framlagið í heild sinni verði síðan skilgreint sem hækkun á framlögum sveitarfélaga á Vestfjörðum til sóknaráætlunar.

Fjármagn sem fært var frá árinu 2015 kr 7.000.000,- er eyrnamerkt til verkefnisins markaðsstefna sveitarfélaga sem hófst 2014 og lýkur nú á árinu 2016 og nema framlög sveitarfélaga kr 7.000.000,-. Seinkun var á upphafi verkefnisins og hafa því söfnuðust upp verkefnaframlög eða alls 14.000.000,-. Gert er ráð fyrir að þessu framlagi verði ráðstafað á árinu 2016 til verkefna sem samið var um en ráðstafað verði kr 2.700.000,- til heimasíðugerðar í samstarfi við sveitarfélögin.

Áhersluverkefni. Samþykki Samráðsvettvangs sóknaráætlunar Vestfjarða og stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál liggur fyrir á tillögu stjórnar FV um áhersluverkefni í markaðsmálum eða sem nemur kr 5.800.000,-.

Almenningssamgöngur.

Gerð er tillaga um að framlag sem flutt var frá árinu 2015, allt að kr 4.100.000,- verður ráðstafað til þróunarverkefnis í Vestur Barð. Með fyrirvara að umsókn til Vegagerðar um þróunarverkefni verði samþykkt og samningar við sveitarfélög um framhald verkefnisins á árinu 2017.

Meta þarf rekstur verkefnis hvort FV auki hlut sinn í vinnu að því en um 1,2 mkr renna til FV af því eða aukin verði kaup á sérfræðiaðstoð.

Taka verður til skoðunar að hækka framlag til verktaka m..t.t aukins launakostnaðar. Einnig að endurskoða verðlag á farmiðum, þ.e. samræma það við verðstefnu LHSS.

Áætlun 2017

Í áætluninni er gengið út frá því mati að verðbólguþróun á milli áráanna 2016 og 2017 verði 4 % og hefur verið tekið tillit þess við mat á hækkunum almennra rekstarliða.

Kjarasamningsbundnar hækkunir á launum starfsmanna eru á miðju ári 3 % og vænta má að þingfarakaup hækki sambærilega sem hefur áhrif á laun stjórnar og nefnda.

Samanlögð framlög (tekjur) frá endurskoðaðri áætlun 2016 og áætlun 2017 lækka um 27,4 mkr en útgjöld til sérverkefna og skrifstofukostnaður lækkar um 24 mkr. Útgjöld hækka því sem nemur 3,5 mkr, er að meginhluta um að ræða kostnað við verkefni Markaðsstofu sem halda verður við vegna samfellu í markaðsstarfi. Hér er um varúðarráðstöfun ef engir nýir fjármunir koma frá stjórnvöldum til markaðsstarfs, en ákveðnar væntingar eru um að það geti orðið síðar árinu samhliða endurskoðun á stefnu í ferðaþjónustu.

Árstíllag.

- Almenn deild.
 - Með fyrirvara um samþykkt hækkun árstíllags á árinu 2016 frá sveitarfélögum þá er lagt til að árstíllaga verði óbreytt eða kr 10.200.000,-.
- Umhverfissvottun.
 - Árstíllag verði hækkað um kr 1.500.000,- m.t.t. að verkefnið eykst í umfangi, eftir að aukið var við það nú á fyrri hluta árs 2016 í gegnum áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða.
- Markaðsstofa Vestfjarða.
 - Árstíllag verði óbreytt frá árinu 2016, tillagan verði endurskoðuð á málþingi FV.
- Menningarsvið.
 - Árstíllag verði óbreytt frá árinu 2016, tillagan verði endurskoðuð á málþingi FV.
- Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.
 - Árstíllag verði óbreytt frá árinu 2016, tillagan verði endurskoðuð á málþingi FV.

Samanlagt hækki árstíllag um kr 1,500.000,-.